

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>		
Útgáfa: 08			
Dags.: 30.08.2011	<b>BSF 201 Stýri – fjöðrun – framvagn Kennsluáætlun haust 2013</b>		
Höfundur: HRS			
Samþykkt: SHJ			
Síða 1 af 1			

<b>Kennari</b>	Haraldur Vilhjálmsson	<b>Sk.st.</b>	HÁV
----------------	-----------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Farið yfir aðgerðir við mat á ástandi búnaðar og íhluta í framvagni, vinnubrögð við viðgerðir og meðhöndlun búnaðar og íhluta. Upprifjun á frágangi skrúffestinga. Farið yfir grunnatriði hjólastillinga. Áhersluatriði í kennslu: Vönduð vinna, fagleg vinnubrögð og nákvæmni. Mikilvægi þess að allar festingar og splitti séu rétt frágengin. Gera grein fyrir þeiri hættu sem skapast af lélegum vinnubrögðum. Slysahættu af vinnu undir ökutæki og akstursöryggi eftir viðgerð.

### Markmið:

Nemandi þekkir helstu hugtök er varða hjólastillingar, aðferðir við mat á ástandi búnaðar og íhluta í framvagni og reglur um frágang skrúffestinga. Nemandi geti metið ástand algengs stýris og fjöðrunarbúnaðar, þ.m.t. hjól og hjólbárða. Tekið stýris og fjöðrunarbúnað í sundur og skipt um slitha eða skemmda íhluti. Nemandi geti sett saman stýris og hjólabúnað og gert lágmarks stillingar. Nemandi geti lýst afleiðingum þess ef að röngum vinnubrögðum er beitt og ef stýris og hjólabúnaður er vanstilltur.

### Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1 útgáfa 2006.  
Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.  
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

### Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra um gerð og virkni íhluta í stýris og fjöðrunarbúnaðar, heiti á íhlutum og meta ástand þeirra. Þeir vinna 2 verkefni í lotunni auk lokaprófs. Skiladagur fyrir verkefnin er fyrir lok lotunar. Berist verkefni eftir að skiladegi lýkur er hámarkseinkun 5. Hafi verkefni ekki verið skilað 5 sólarhringum eftir að skilafresti lýkur er einkunn fyrir verkefnið 0. Til að verkefni gildi til einkunnar verður að ná 5 á lokaprófi.

### Verkefni:

1 heimaverkefni. 1 skýrsla um verklegt verkefni í lotunni. Lokapróf.


### Námsmat og vægi námsþáttta:


Verkefni 20%. Skýrsla 20%. Lokapróf 40%. Ástundun 20%.

### Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólanns.

Dagsetning: 20.8.2013

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstjóra staðgengils